

## REGLUR UM STAÐSETNINGU OG ÚTLIT AUGLÝSINGASKILTA Í HVALFJARÐARSVEIT

### 1. grein

#### Markmið

Markmið reglna þessara er að stærð og staðsetning skilta og auglýsinga sé í samræmi við ákvæði gildandi skipulags Hvalfjarðarsveitar og þeirra laga og reglugerða sem um uppsetningu slíkra skilta og auglýsinga gilda.

### 2. grein

#### Lög og reglugerðir

Um skilti í sveitarfélaginu gilda eftirfarandi lög og reglugerðir:

- Mannvirkjalög nr. 160/2010.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012, sjá helst 2.5 kafla.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sjá helst 5.3.2.4. gr.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sjá 72. gr.
- Reglugerð nr. 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.
- Umferðarlög nr. 77/2019, sjá 90. gr.

### 3. grein.

#### Gildissvið

Reglur þessar gilda innan lögsögu Hvalfjarðarsveitar og taka þær til hvers konar skilta og auglýsinga, svo og um breytinga á þeim.

Undanþegin ákvæða reglna þessara eru:

- Bráðabirgðaskilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru ekki stærri en 0,75m<sup>2</sup> og ekki fleiri en eitt á hverri eign/lóð.
- Bráðabirgðaskilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum séu þau staðsett á viðkomandi lóð og ekki stærri en 3,0m<sup>2</sup>. Á þessum skiltum skulu aðeins koma fram upplýsingar varðandi mannvirkið, þær framkvæmdir sem um er að ræða, upphafstíma og verklok framkvæmdanna og þá sem að þeim standa.
- Lausaskilti þ.e. skilti sem ekki eru með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki og standa aðeins á opnunartíma starfstöðvar. Stærð þeirra skal ekki vera meiri en 0,75m<sup>2</sup> og standur þeirra hafa innan við 0,5 m radíus. Staðsetja skal lausaskilti við starfsstöð þannig að umferð vegfaranda sé greið og hindrunarlaus. Þar sem skilti eru sett á gangstéttir og stíga skal minnsta óhindraða gönguleið ávallt vera 1,5 m breið. Bannað er að staðsetja lausaskilti á umferðareyjum þannig að þau skerði umferðaröryggi.

### 4. grein

#### Umsókn um leyfi fyrir skilti

Óheimilt er að setja upp hvers konar skilti og auglýsingar, sem falla undir gildissvið reglna þessara samkvæmt 3. gr., til lengri eða skemmri tíma nema með leyfi byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúa ber að leggja umsóknir um slík erindi fyrir Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd til staðfestingar.

Hver sá sem óskar eftir leyfi til að koma fyrir skilti eða auglýsingu skal sækja um á rafrænu formi í þjónustugátt sveitarfélagsins. Öllum gögnum frá umsækjanda, hönnuðum eða hlutaðeigandi aðilum skal einnig skilað inn í gegnum þjónustugátt sveitarfélagsins.

Umsækjandi skal tilgreina stærð og gerð skiltis, staðsetningu þess og það tímabil sem áformað er að skiltið mun standa. Við staðsetningu skal einkum tekið tillit til umferðaröryggis og stefnu sveitarfélagsins, sbr. 1. gr. Með umsókn skulu fylgja uppdættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna útlit, fyrirkomulag og öryggi skiltis eða auglýsingar.

Falli skilti undir 2.5.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 skal sækja um byggingarleyfi á rafrænu formi í þjónustugátt sveitarfélagsins.

Við meðferð umsóknar um leyfi fyrir skilti eða auglýsingu metur byggingarfulltrúi í hverju tilviki hvort leita skuli álits Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar eða eftir atvikum annars aðila sem málið kann að varða.

#### **5. Eftirlit**

Byggingarfulltrúi annast eftirlit með skiltum, auglýsingum og leyfum. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við reglur þessar. Ef fyrir mælum byggingarfulltrúa er ekki sinnt innan tilskilins frests, eða ef aðili brýtur á annan hátt gegn ákvæðum reglna þessara, getur byggingarfulltrúi beitt ákvæðum byggingareglugerðar um þvingunarúrræði.

#### **6. grein**

##### **Gildistökuákvæði**

Reglur þessar gilda innan lögsögu Hvalfjarðarsveitar og öðlast gildi við samþykkt sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

#### **7. gr.**

##### **Eldri skilti**

Þau skilti sem þegar hafa leyfi og eru með þeim hætti að sækja hefði þurft um leyfi skv. reglum þessum skulu halda því leyfi í 1 ár frá gildistöku reglna þessara. Innan þess tíma skulu leyfishafar sækja um leyfi fyrir þeim að nýju en ella fjarlægja skiltin. Hafi skilti verið sett upp án leyfis skulu hlutaðeigandi aðilar hafa fjarlægt innan þriggja mánaða frá gildistöku reglna þessara séu þau leyfisskyld, þó skal heimilt að sækja um leyfi fyrir þeim innan þess tíma.

Samþykkt í USNL-nefnd 18. september 2024.

Samþykkt í sveitarstjórn 25. september 2024.